

REGLUR

fyrir Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk skólans.

1. gr.

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar.

Kennaraháskóli Íslands veitir grunnmenntun, framhaldsmenntun og símenntun á starfssviði sínu, miðlar fræðslu til almennings og þjónar samfélaginu öllu í krafti þekkingar starfsmanna sinna.

II. KAFLI

Stjórnskipulag.

2. gr.

Yfirstjórn.

Kennaraháskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneyti. Samkvæmt lögum um háskóla nr. 136/1997 og lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997 er yfirstjórn Kennaraháskólans falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforsetum ef skólanum er skipt í deildir. Skipan háskólaráðs er í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Í háskólaráði eiga sæti:

- rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,
- fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn,
- tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,
- tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Háskólaráð kýs varaforseta og ritara úr hópi þeirra háskólaráðsfulltrúa sem eru ráðnir kennarar ótímabundið við skólann.

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans, og yfirumsjón málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafa rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

Rektor setur deildarforsetum og öðrum stjórnendum erindisbréf með starfslýsingum að fengnu samþykki háskólaráðs. Deildarfundir og deildarráð stjórnna, í umboði háskólaráðs og rektors, málefnum deilda og námsbrauta. Deildarforsetar og forstöðumenn námsbrauta fara með framkvæmdavald í málefnum deilda og námsbrauta.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum og þó að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Varamenn sitja fundi ráðsins í forföllum aðalfulltrúa. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fulltrúa sækja fund hið fæsta. Fjöldi atkvæða

ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólaráðs.

Háskólaráð tekur ákvörðun um tilnefningu rektors.

Háskólaráð tilnefnir tvo fulltrúa í dómnefnd sem hefur það hlutverk að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósentis eða lektors.

Háskólaráð kveður á um skipulagningu nýrra deilda og námsbrauta innan deilda og staðfestir náms- og kennsluskrá skólans.

Háskólaráð staðfestir inntökureglur deildarráða er varða inntöku nemenda í deildir.

Háskólaráð staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert, almanak, náms- og kennsluskrá fyrir komandi skólaár.

Háskólaráð skipar gæðaráð sem vinnur að mati á starfsemi skólans í samræmi við reglur sem menntamálaráðherra setur.

Háskólaráð skipar þriggja manna kjörnefnd til tveggja ára í senn. Kjörnefnd annast framkvæmd kosninga á fulltrúum kennara í háskólaráð og deildarráð og annarra þeirra kosninga sem háskólaráð felur nefndinni. Skipunartími kjörnefndar miðast við áramót.

Háskólaráð heldur árlega opinn fund þar sem starfsemi og fjárhagsmálefni háskólans eru kynnt.

3. gr.

Kjör fulltrúa kennara í háskólaráð.

Kjörgengi og kosningarétt við kjör á fulltrúum í háskólaráð hafa allir kennarar sem ráðnir eru ótímabundið við skólann.

Kjósa skal fjóra fulltrúa í háskólaráð og fjóra til vara. Þeir fjórir sem flest atkvæði hljóta teljast aðalmenn og næstu fjórir verða varamenn í samræmi við atkvæðafjölda.

Fulltrúar í háskólaráð eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörtímabil háskólaráðs miðast við 1. ágúst. Kjör fulltrúa í háskólaráð fer fram í aprílmánuði.

Fulltrúar í háskólaráði geta ekki gegnt störfum deildarforseta eða setið í deildarráðum.

Kjósa skal fulltrúa í háskólaráð á almennum fundi kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann. Eina málið á dagskrá fundarins eru kosningar. Kjörnefnd skólans auglýsir fundinn með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara.

Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum í háskólaráð með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Framboðsfrestur miðast við tvær vikur fyrir fund þar sem kjör fer fram. Að loknum þeim fresti skal kjörnefnd auglýsa hverjir eru í framboði og boða til kynningarfundar.

Kosningar skulu vera leynilegar. Á kjörseðli eru einungis nöfn þeirra sem tilkynnt hafa framboð sitt með fyrrnefndum fyrirvara. Kjörseðill er ógildur ef merkt er við fleiri eða færri en sem nemur þeim aðalmönnum sem kjósa á hverju sinni.

Kjörnefnd skólans leggur fram kjörskrá eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjörfund. Kjörnefnd útbýr kjörgögn, stýrir kjöri og birtir niðurstöður kosninganna.

4. gr.

Starfsvið rektors.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára eftir tilnefningu háskólaráðs. Staða rektors skal auglýst laus til umsóknar.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu Kennaraháskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur ásamt háskólaráði eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknnum, þjónustu og annarri starfsemi, í samræmi við lög nr. 136/1997 og lög nr. 137/1997.

Rektor ræður alla starfsmenn háskólans. Rektor skal, í umboði háskólaráðs, sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum og kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum. Um stjórnir sjóða fer að öðru leyti eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

5. gr.

Skipan og tilnefning rektors.

Háskólaráð auglýsir lausa til umsóknar stöðu rektors með þriggja vikna umsóknarfresti. Umsóknir skulu berast rektor fyrir hönd háskólaráðs. Í auglýsingu skal fjalla um hæfniskröfur skv. ákvæðum 14. greinar laga um háskóla og geta um sérstakar áherslur sem háskólaráðið leggur á um starfið. Þar skal einnig tekið fram hvenær stefnt er að því að nýr rektor hefji störf.

Háskólaráð úrskurðar hvort umsækjendur uppfylla hæfniskröfur og hverjir hafa lagt fram gildar umsóknir.

Háskólaráð tilnefnir rektor að undangenginni könnun á menntun, stjórnunarreynslu og starfsferli umsækjenda og viðtölum við þá og að undangenginni skoðanakönnun meðal starfsmanna og nemenda.

Kjörnefnd Kennaraháskóla Íslands annast undirbúning og framkvæmd skoðanakönnunar.

Rétt til þátttöku í könnuninni eiga:

- a) Prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og aðrir starfsmenn Kennaraháskóla Íslands, sem ráðnir eru í a.m.k. 50% starf þar sem krafist er háskólaþrófs.
- b) Starfsmenn aðrir en þeir sem tilgreindir eru í a-lið og ráðnir eru í a.m.k. 50% starf við skólann.
- c) Allir nemendur sem skráðir eru í grunn- og framhaldsdeild skólans þegar kosning fer fram.

Kjörnefnd skal tryggja að umsækjendum gefist kostur á að kynna sig og stefnumál sín fyrir þátttakendum skoðanakönnunarinnar.

Séu umsækjendur þrír eða fleiri skulu þátttakendur í skoðanakönnun velja þrjá og forgangsraða þeim. Atkvæðaseðill þar sem fleiri eða færri einstaklingum er greitt atkvæði en áskilið er telst ógildur. Hliðstæðar reglur gilda séu umsækjendur tveir.

Kjörnefnd lætur háskólaráði í té niðurstöður skoðanakönnunar hvers hóps um sig. Háskólaráð birtir í fundargerð nöfn þeirra þriggja sem flest atkvæði hljóta hjá hverjum hópi án atkvæðatalna.

Ef aðeins skipaður rektor sækir um starfið er háskólaráði skylt að tilnefna hann án mats eða skoðanakönnunar.

Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn er varaforseti háskólaráðs staðgengill hans þangað til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum.

6. gr.

Stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands.

Stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands er skipað á eftirtalin svið: Kennslusvið, rannsóknarsvið, rekstrarsvið og þjónustusvið.

Kennslusvið nær til málefna er lúta að kennslu sem tekur til grunnmenntunar, símenntunar og framhaldsmenntunar, inntöku nemenda og skráningu þeirra, prófahalds, námsráðgjafar, vettvangsnáms og alþjóðamála sem snerta nám og kennslu. Deildarforsetar grunn- og framhaldsdeildar eru framkvæmdastjórar kennslusviðs, sbr. 9. gr.

Rannsóknarsvið nær til málefna sem lúta að rannsóknum innan háskólans, rannsóknarsjóðum, mati á rannsóknarstarfsemi, alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, þjónusturannsóknum, starfi Rannsóknarstofnunar skólans og miðstöðva tengdra ákveðnum verkefnum og fagsviðum. Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarstofnunar, sbr. 14. gr.

Rekstrarsvið nær til málefna er lúta að fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum, reikningshaldi, rekstri og viðhaldi bygginga, tölvu- og kerfisþjónustu og almennum starfsmannamálum, þar með töldum launamálum. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri skólans.

Þjónustusvið nær til málefna sem lúta að Menntasmiðju Kennaraháskólans, þ.e. þjónustu til stuðnings námi, kennslu og rannsóknum í Kennaraháskólanum. Menntasmiðjan er jafnframt opin öðrum sem sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar.

Framkvæmdastjóri þjónustusviðs er jafnframt framkvæmdastjóri Menntasmiðju, sbr. 13. gr.

Rektor og háskólaráði er heimilt að fela framkvæmdastjóra rekstrarsviðs vald til að skuldbinda háskólann og stofnanir hans fjárhagslega. Hann hefur ásamt rektor og háskólaráði yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur einnig umsjón með sjóðum hans.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skal háskólaráð láta fara fram úttekt á stjórnsýslu háskólans.

7. gr.

Gæðamat.

Í deildum og öðrum starfseiningum Kennaraháskólans skal reglulega fara fram sjálfsmat og safnað upplýsingum vegna reglubundinna úttekta á starfi skólans, m.a. í samræmi við reglur sem menntamálaráðherra setur um gæðaeftirlit með háskólakennslu. Gæðaráð hefur yfirumsjón með þessum málaflokki.

8. gr.

Deildir háskólans, nám og kennsla.

Kennsludeildir við Kennaraháskóla Íslands eru tvær: grunndeild og framhaldsdeild. Í grunndeild skólans eru námsbrautir á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum sem leiða til diplómu (15–45 einingar) og námsbrautir sem leiða til baccalaureus-gráðu (90 einingar). Í framhaldsdeild eru námsbrautir sem leiða til diplómu eftir framhaldsnám á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum (15 og 30 einingar) og rannsóknartengt framhaldsnám til meistara-gráðu (60 einingar) og til doktorsgráðu (90 einingar).

Námsbrautir eru skilgreindar námsleiðir innan hvorrar deildar að tilteknum loka-föngum. Nemendur eru skráðir á námsbrautir.

Grunndeild og framhaldsdeild reka sameiginlega símenntunarstofnun sem annast símenntun þeirra starfstétta er hljóta grunnmenntun sína við Kennaraháskólann. Forstöðumaður Símenntunarstofnunar er ráðinn með sama hætti og forstöðumenn námsbrauta og störf hans heyra undir deildarforseta.

Háskólaráð ákveður, að fengnum tillögum frá viðkomandi deildarráði, hvaða námsbrautir eru boðnar við grunn- og framhaldsdeild skólans. Í grunndeild eru a.m.k. eftirfarandi námsbrautir: Námsbrautir í kennarafræðum fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, námsbraut í íþrótafræðum og námsbraut í þroskaþjálfarafræðum. Í framhaldsdeild háskólans eru námsbrautir á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum samkvæmt nánari ákvæðum í kennsluskra hverju sinni.

Fyrir deildir og skilgreindar námsbrautir skal setja náms- og kennsluskra sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar er með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Í náms- og kennsluskra skal m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskra eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda eða námsbrauta skal enn fremur kveða á um missera- eða annaskiptingu, kennslutíma, próf-tímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir náms- og kennsluskrá en deildarráð bera ábyrgð á gerð hennar.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náð samstarf þar sem það á við. Með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu skal stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru ekki ráðnir við deildir skólans eða tilteknar námsbrautir.

9. gr.

Stjórnskipulag deilda.

Deildarráð og deildarforseti hvorrar deildar annast stjórnun hennar. Í deildarráði hvorrar deildar sitja deildarforseti, fjórir fulltrúar sem kosnir eru af kennurum skólans og tveir fulltrúar sem kosnir eru af nemendum. Forstöðumenn námsbrauta í viðkomandi deild hafa seturétt á deildarráðsfundum með málfrelsi og tillögurétt. Starfstími deildarforseta, deildarráða og forstöðumanna námsbrauta eru tvö ár og fylgir skipunartíma háskólaráðs. Háskólaráð skipar deildarforseta að fengnum tillögum rektors. Rektor skipar forstöðumenn námsbrauta að höfðu samráði við deildarforseta.

Deildarráð markar stefnu viðkomandi deildar um tilhögun og framkvæmd náms. Deildarráð metur þörf fyrir nám við deildina, vinnur að undirbúningi námsbrauta og námskeiða, mótar náms- og kennsluskrá og kynnir það nám sem í boði er. Deildarráð mótar reglur um inntöku nema, skráningu og eftirlit með framvindu náms, skilgreinir námskröfur, setur reglur um námsmat og mat á öðru námi. Deildarráð ákvarðar skipan náms á misseri, staðfestir umsjónarmenn námskeiða að fengnum tillögum viðkomandi fagráðs, sjá 11. gr., mótar í samráði við forstöðumenn námsbrauta og fagráð tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til, fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist og fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni. Eigi sjaldnar en einu sinni á ári heldur deildarráð fundi með forstöðumönnum fagráða.

Deildarráð skipar ár hvert 2–4 kennara í *námsnefnd* fyrir hverja námsbraut undir stjórn forstöðumanns námsbrautarinnar. Nemendur á viðkomandi námsbraut eiga einn til tvo fulltrúa í hverri námsnefnd. Starfstími námsnefnda er almanaksárið. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um fagleg málefni sem tengjast námsbrautum, yfirfara náms- og kennsluskrá fyrir námsbrautir og gera tillögur til deildarráðs um breytingar ef ástæða þykir til. Námsnefndir skulu hafa samráð við þau fagsvið sem eru ábyrg fyrir kennslu á viðkomandi námsbraut. Deildarráð grunn- og framhaldsdeildar skipa sameiginlega fjögurra manna ráðgjafanefnd sem er forstöðumanni Símenntunarstofnunar til ráðuneytis um framboð og tilhögun símenntunar.

Deildarfundi skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Deildarfundi sitja allir kennarar sem ráðnir eru við Kennaraháskóla Íslands í hálf tölva eða meira og fulltrúar nemenda í viðkomandi deildarráðum og námsnefndum. Á deildarfundi gera deildarforseti og deildarráð grein fyrir starfsemi liðins árs og kynna áætlanir næsta árs. Heimilt er að halda sameiginlega deildarfundi fyrir báðar deildir.

Deildarforsetar ásamt forstöðumönnum námsbrauta fara með framkvæmdavald í mál-efnum deilda og námsbrauta. Deildarforsetar undirbúa og stýra deildarfundum og fundum deildarráða og hafa forgöngu um að samþykktir fundanna nái fram að ganga. Þeir sjá um að kennsla sé í samræmi við ákvæði gildandi náms- og kennsluskrár, reglur skólans og fjárveitingar.

Forstöðumenn námsbrauta fylgja eftir stefnu deildarinnar um tilhögun og framkvæmd náms á hverri námsbraut. Þeir kanna þörf fyrir nám á námsbrautinni í samráði við deildarforseta og leggja fram, í samráði við námsnefnd, tillögur um breytingar á námsbrautinni

eftir því sem við á, vinna að tillögum um kennsluskrá í samráði við þau fagráð sem koma að kennslu á námsbrautinni, kynna nám sem er í boði, hafa eftirlit með framvindu námsins, sjá um framkvæmd námsmats, móta, í samráði við viðkomandi deildarráð, tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til. Forstöðumenn námsbrauta fylgjast með gæðum náms og kennslu á námsbrautinni og vinna að úrbótum eftir því sem þörf gerist og stuðla að faglegu samstarfi innan námsbrautarinnar, við aðrar námsbrautir og við Mennta-smiðju.

10. gr.

Kjör fulltrúa kennara í deildarráð.

Kjörgengi og kosningarétt við kjör á fulltrúum kennara í deildarráð hafa allir kennarar sem ráðnir eru við skólann í hálf tölur eða meira og eiga sæti á viðkomandi deildarfundi samkvæmt reglum um skipan deilda við Kennaraháskóla Íslands.

Kjósa skal aðalfulltrúa kennara og jafnmarga varafulltrúa. Kjósa skal fjóra aðalfulltrúa í hvert deildarráð. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast aðalmenn og þeir sem næstir koma að atkvæðafjölda verða varamenn.

Fulltrúar kennara í deildarráð eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörtímabil deildarráða miðast við 1. ágúst. Kjör fulltrúa í deildarráð fer fram í apríl- eða maímánuði.

Þegar kjör kennara í háskólaráð hefur farið fram auglýsir kjörnefnd eftir framboðum í deildarráð með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framboðsfrestur miðast við eina viku fyrir fund þar sem kjör fer fram. Að loknum þeim fresti skal kjörnefnd auglýsa hverjir eru í framboði.

Kosningar skulu vera leynilegar. Á kjörseðli eru einungis nöfn þeirra sem tilkynnt hafa framboð sitt með fyrrnefndum fyrirvara. Kjörseðill er ógildur ef merkt er við fleiri eða færri en sem nemur þeim aðalmönnum sem kjósa á hverju sinni.

Kjörnefnd skólans leggur fram kjörskrá eigi síðar en fjórum vikum fyrir fund þar sem kjör fer fram. Kjörnefnd útbýr kjörgögn, stýrir kjöri og birtir niðurstöður kosninganna.

11. gr.

Fagráð.

Háskólaráð ákvarðar fagsvið innan Kennaraháskóla Íslands. Rektor skipar öllum kennurum skólans á fagsviði í samráði við hvern og einn.

Kennarar á hverju fagsviði mynda sameiginlega fagráð fyrir viðkomandi svið. Fagráð getur heimilað fulltrúum nemenda að taka þátt í störfum ráðsins að hluta til eða að öllu leyti. Kennarar geta óskað eftir flutningi á annað fagsvið. Fagráð getur heimilað einstökum kennurum af öðru fagsviði að taka þátt í störfum ráðsins að hluta til eða að öllu leyti. Fagráð kys sér forstöðumann til eins almanaksárs í senn. Hvert fagráð kemur saman eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en tvisvar á misseri.

Hlutverk fagráða er að vera til ráðgjafar á viðkomandi fagsviði. Að öðru leyti eru meginviðfangsefnin þessi:

1. Annast undirbúning og kennslu námskeiða á viðkomandi fagsviði í samráði við forstöðumenn námsbrauta innan þeirra marka sem náms- og kennsluskrá gerir ráð fyrir hverju sinni.
2. Móta tillögur um umbætur á kennslu á viðkomandi sviði og þróun náms- og kennsluskrár í samráði við námsnefndir og deildarráð.
3. Efla rannsóknir á viðkomandi sviði í samstarfi við Rannsóknarstofnun skólans.
4. Veita ráðgjöf um innkaup og aðstöðu til kennslu á sviðinu.
5. Leggja fram hugmyndir um verkefni á sviði símenntunar.
6. Fjalla um mál sem beint er til fagráða af háskólaráði, rektor, deildarforsetum, deildarráðum, Rannsóknarstofnun eða aðilum utan skólans.

12. gr.

Mat á námi og kennslu.

Mat á námi og kennslu skal fara fram með reglubundnum hætti í þeim tilgangi að bæta starfið, veita aðhald, örvun og hvatningu og jafnframt að hafa á reiðum höndum upplýsingar til þeirra aðila utan skólans sem þurfa á þeim að halda. Innra mat Kennaraháskólans þjónar einkum þeim tilgangi að bæta kennslu og styrkja nám, bæta skipulag námskeiða, námsbrauta og deilda, bæta þjónustu við nemendur, afla upplýsinga fyrir endurskoðun náms- og kennsluskrár, afla upplýsinga vegna nýráðninga kennara eða framgangs þeirra í starfi.

Mat á einstökum námskeiðum, misserum eða kjörsviðum fer fram á vegum deildarforseta og deildarráða.

Af og til skal gera heildarúttektir af sérfræðingum utan stofnunarinnar, og m.a. stuðst við alþjóðlegar viðmiðanir. Heildarúttekt á námsbrautum eða deildum fer fram á vegum deildarráðs eða rektors.

Niðurstöður mats sem fram fer á vegum Kennaraháskólans skal vera opinbert.

Við mat á námi og kennslu skal beita fjölþættum matsaðferðum og skal matið einnig ná til ytri starfsskilyrða, svo sem húsnæðis og búnaðar.

Deildarráð bera meginábyrgð á að niðurstöðum mats sé fylgt eftir.

13. gr.

Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands.

Meginhlutverk Menntasmiðju Kennaraháskólans er að veita nemendum og starfsfólki þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna. Hún er jafnframt opin öðrum sem sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar.

Í Menntasmiðju er veittur aðgangur að heimildum, sérhæfðum tækjakosti og hugbúnaði. Þar er einnig veitt leiðsögn og aðstoð á sviði kennslutækni, gagnagerðar og upplýsinga- og samskiptatækni og við heimildaöflun.

14. gr.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Við Kennaraháskólann starfar Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk hennar er að efla og annast rannsóknir og aðra nýsköpun þekkingar við Kennaraháskólann með það að markmiði að auka þekkingu á uppeldi, menntun, þjálfun og umönnun, á störfum þeirra stétta sem Kennaraháskóli Íslands menntar og þeim fræðigreinum sem þeim tengjast.

Rannsóknarstofnun er heimilt að stunda þjónusturannsóknir. Með þjónusturannsóknum er átt við rannsóknir, sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan háskólans gegn endurgjaldi.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar.

Háskólaráð skipar fimm manna stjórn stofnunarinnar til tveggja ára í senn. Skipunartími miðast við 1. janúar. Deildarráð grunn- og framhaldsdeildar tilnefna sameiginlega þrjá fulltrúa í stjórn og þar af a.m.k. einn sem starfar utan skólans. Menntasmiðja tilnefnir einn og rektor einn sem jafnframt skal vera formaður stjórnar. Stjórn stofnunarinnar fer í umboði háskólaráðs með stjórn stofnunarinnar.

Rektor ræður forstöðumann stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við rannsóknarstofnunina í samráði við rektor og háskólaráð.

Háskólaráð skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknarsjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

Háskólaráð setur sérstakar starfsreglur um stofnunina sem menntamálaráðherra staðfestir. Í þeim reglum er m.a. fjallað um ráðstöfun tekna af þjónusturannsóknum.

15. gr.

Lestrarmiðstöð.

Við Kennaraháskóla Íslands er starfrækt lestrarmiðstöð sem veitir sérhæfða þjónustu á sviði lesturs og lestrarörðugleika og sinnir rannsóknum á því sviði. Háskólaráð setur lestrarmiðstöð starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og starfsskyldur. Lestrarmiðstöð heyrir undir rannsóknarsvið Kennaraháskólans.

III. KAFLI

Kennarar.

16. gr.

Kennarar og ráðning þeirra.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúntar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora, aðjúnkta og stundakennara. Umsækjendur um prófessorsstöður, dósentar- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir. Sömu reglur gilda um ráðningu sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna og gilda um ráðningu lektora, dósentar og prófessora.

Þá eina má ráða í störf kennara við Kennaraháskólann sem hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa eftirfarandi starfsskyldur: Kennslu, stjórnun og nýsköpun þekkingar. Aðjúntar geta verið í 33 – 100% starfi við Kennaraháskólann og sinna þeir kennslu og öðrum störfum sem tiltekin eru í ráðningarsamningi. Stundakennarar hafa einungis starfsskyldur tengdar kennslu.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósentar eða lektors. Dómnefnd fjallar bæði um nýráðningar og stöðuhækkanir. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraþrófi úr háskóla.

Rektor skal í samráði við deildarforseta tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin. Við sérstakar aðstæður er heimilt að skipa fleiri en einn sérfræðing.

Dómnefnd skal láta uppi ótvírætt og rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorsstöðu, dósentstöðu eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur. Dómnefnd skal einungis meta hvort umsækjendur séu hæfir til að gegna því starfi sem um ræðir. Rektor getur ráðið hvern þann sem hann telur hæfastan af þeim sem metnir hafa verið hæfir af dómnefnd og hann getur hafnað þeim öllum.

Rektor hefur heimild til þess að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentstöðu og dósent úr dósentstöðu í prófessorsstöðu. Lektor getur sótt um framgang eftir að hafa gegnt lekt-

orsstöðu í þrjú ár og dósent getur sótt um framgang eftir að hafa gegnt dósentsstöðu í 5 ár. Sömu reglur gilda um beiðni um slíkan framgang og um umsóknir í nýjar stöður. Rektor er heimilt að leyfa hraðari framgang ef sérstakar ástæður liggja til þess.

Umsóknir um nýjar stöður eða framgang skulu berast rektor sem að umsóknarfresti liðnum staðfestir móttöku umsókna með bréfi til umsækjenda. Eftir að umsóknarfresti um starf lýkur eru öll nöfn umsækjenda birt. Háskólaráð setur sérstakar vinnu- og matsreglur fyrir dómnefnd til þess að vinna eftir og skulu þær reglur liggja frammi á skrifstofu rektors.

17. gr.

Um rannsóknarleyfi og rannsóknarstyrki.

Háskólaráði er heimilt að veita kennurum rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknarverkefnum.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólaráð veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði vegna rannsóknarleyfis.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

18. gr.

Skrásetning nemenda.

Þeir einir teljast nemendur við Kennaraháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Tekið er á móti umsóknum um námsvist á aðalskrifstofu Kennaraháskólans.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynleg eru vegna starfsemi háskólans. Heimilt er að taka 15% herra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

19. gr.

Inntaka nemenda.

Rétt til inntöku í grunndeild skólans eiga þeir sem lokið hafa stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati deildarráðs.

Rétt til inntöku í diplómunám í framhaldsdeild eiga þeir sem lokið hafa fullgildu starfsmenntanámi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar. Gilt er talið nám frá Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og öðrum skólum sem veita sambærilega menntun. Til þess að geta sótt um að hefja meistaraþrófsnám skal umsækjandi hafa lokið diplómunámi (30 einingum) með fyrstu einkunn að lágmarki. Þeir einir geta sótt um að hefja doktorsnám sem lokið hafa meistaraþráðu (M.Ed., M.A. eða M.S.) eða æðri prófgráðu.

Deildarráðum er heimilt að ákveða sérstök viðbótar inntökuskilyrði ef þörf gerist en slíkar ákvarðanir skulu hljóta staðfestingu háskólaráðs. Háskólaráð ákveður ár hvert fjölda nýnema á einstökum námsbrautum og felur deildarráðum ábyrgð á inntöku nemenda. Deildarráð setur inntökureglur þar sem kveðið skal á um verklagsreglur við inntöku og þær viðmiðanir sem notaðar eru við mat á umsækjendum. Inntökureglur skulu hljóta staðfestingu háskólaráðs. Deildarráðum er heimilt að skipa inntökunefndir til að annast inntöku. Vafa- eða ágreiningsatriðum, sem upp kunna að koma í starfi inntökunefnda, skal skotið til við-

komandi deildarráðs. Fullnaðarúrskurðarvald í málum sem varða inntöku nemenda er í höndum háskólaráðs.

Nám við skólann skal auglýst með hæfilegum fyrirvara. Umsóknarfrestur skal eigi vera skemmri en tvær vikur og skal tilgreina umsóknarfrest á umsóknareyðublaði. Með umsóknareyðublaði skulu fylgja leiðbeiningar um hvaða gögn og upplýsingar þurfa að fylgja með umsókn. Þar skulu einnig vera upplýsingar um inntökureglur. Heimilt er að boða umsækjendur í viðtöl.

Þegar inntöku er lokið skulu deildarráð standa háskólaráði skil á inntökuskýrslu og skal hún birt á vef skólans.

20. gr.

Lærdómstitlar og prófskírteini.

Lærdómstitlar sem Kennaraháskóli Íslands veitir eru:

Grunndeild:

- Sérstakt prófskírteini, diploma, fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu grunnnámi sem nemur a.m.k. 45 einingum (styttra grunnnámi, þó eigi skemmra námi en sem nemur 45 einingum).
- B.Ed. í leikskólakennarafræði (Baccalaureus Educationis – Bachelor of Education) 90 einingar.
- B.Ed. í grunnskólakennarafræði (Baccalaureus Educationis – Bachelor of Education) 90 einingar.
- B.A. í þroskaþjálfun (Baccalaureus Artium – Bachelor of Art in Developmental Therapy) 90 einingar.
- B.S. í íþróttufræði (Baccalaureus Scientiarum – Bachelor of Science in Physical Education and Sport Science) 90 einingar.
- Kennsluréttindanam eftir fyrstu háskólagráðu eða annað nám í kennslugrein (Diploma/Certificate) 15 eða 30 einingar.

Framhaldsdeild:

- Dipl.Ed., sérstök viðurkenning í uppeldis- og menntunarfræði (Diploma in Education). Sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu 15 eða 30 eininga framhaldsnámi.
- M.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Educationis – Master of Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 15 eininga meistaraþrófsverkefni.
- M.A. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Artium Educationis – Master of Arts in Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 30 eininga meistaraþrófsverkefni.
- M.S. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Scientiarum Educationis – Master of Science in Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 30 eininga meistaraþrófsverkefni.
- Ph.D. í uppeldis- og menntunarfræði (Doctor Philosophiae Educationis – Doctor of Philosophy in Education). 90 einingar í framhaldsnámi eftir meistaraþróf, þar af doktorsverkefni 60 einingar.
- Doktorsnafnbót veitt í heiðursskyni, Doctor Educationis Honoris Causa.

21. gr.

Námskeið.

Nám í Kennaraháskóla Íslands er skilgreint í námskeiðum. Námskeið er námsáfangi sem skipulagður er og metinn sem heild. Námi í hverju námskeiði lýkur með prófi eða annars konar mati.

Í náms- og kennsluskrá er getið um markmið fyrir hvert einstakt námskeið, vinnulag, hvernig námsmati er hagað og hvernig það tengist markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins.

Í hverju námskeiði skal gefin út kennsluáætlun þar sem fram koma upplýsingar um umsjónarmenn, markmið, inntak, skipulag, námsefni, verkefni, skiladaga verkefna og tilhögun námsmats. Ef um forkröfur eða mætingarskyldu er að ræða skal það koma fram í kennsluáætlun. Kennsluáætlanir skal birta á vefsíðum skólans þremur vikum áður en námskeið hefjast.

22. gr.

Námseiningar.

Námið er mælt í einingum. Fullt nám telst að jafnaði 30 einingar á námsári og svarar hver eining til einnar viku vinnu nemenda í fullu námi (um 40–50 stundir), þar af geta 8–30 stundir verið bundnar á stundaskrá í staðbundnu námi. Í staðbundnu námi í grunndeild er miðað við allt að 16 stundir í bóklegum greinum en í einstökum námskeiðum list- og verkgreina, þar sem krafist er verkstæðis eða sérhæfðrar aðstöðu til náms, er heimilt að bjóða fleiri stundir. Þó eru aldrei fleiri en 30 stundir á stundaskrá að baki hverri einingu. Í staðbundnu námi í framhaldsdeild er miðað við að 8–12 stundir geti verið bundnar á stundaskrá að baki hverri einingu.

Vægi verkefna og lesefnis er metið með hliðsjón af umfangi og þeim tíma sem nemandi þarf að verja til þeirra.

23. gr.

Háskólaár, kennslumisseri og brautskráning.

Háskólaárið telst frá 1. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í haustmisseri, vormisseri og sumarönn. Vor- og haustmisseri mega ekki vera styttri en 15 vikur að meðtöldum prófum (leyfi undanskilin). Haustmisseri lýkur um áramót. Próf skulu að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur. Haustmisseri skal vera lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri hefst í fyrsta lagi 3. janúar. Um páska skal ekki kennt á miðvikudegi fyrir skírdag og á þriðjudegi eftir annan í páskum. Engin kennsla fer fram 1. desember, á stórhátíðum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum fríðögum. Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Brautskráning fer fram þrisvar á ári; sem næst 15. október, 15. febrúar og 10. júní. Nemendur sem ætla að brautskrást þurfa að sækja um það til nemendaskráningar með mánadag fyrirvara. Til að fá brautskráningu verða nemendur að vera skuldlausir við skólann.

24. gr.

Náms- og kennsluskrá.

Gefa skal út náms- og kennsluskrá fyrir komandi skólaár ekki síðar en í apríl ár hvert. Þessi kennsluskrá skal að jafnaði gilda fyrir nemendur sem innritast á því námsári og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Í náms- og kennsluskrá skal gera grein fyrir meginmarkmiðum náms á hverri námsbraut, kennsluáðferðum, námskipan, námsmati og námskröfum.

Í náms- og kennsluskrá skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða og stutt lýsing á hverju námskeiði. Þar skal getið um nöfn umsjónarmanna, markmið, vinnulag, hvernig námsmati er hagað og hvernig það tengist markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins. Gæta skal samræmis milli umfangs, markmiða og námsmats í hverju námskeiði.

Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við.

25. gr.

Námslok/lengd náms.

Hámarks lengd náms er mismunandi eftir námsbrautum. Í grunndeild er meginreglan sú að ljúka verður staðbundnu þriggja ára B.Ed.-, B.A.- eða B.S.-námi innan fjögurra og hálfis árs frá innritun. Fjarnámi, þar sem námi er dreift á fjögur ár, verður að ljúka innan sex ára frá innritun. 45 eininga námi á styttri námsbrautum skal lokið innan þriggja ára og 30 eininga viðbótarnámi innan tveggja ára frá innritun. Við sérstakar aðstæður getur deildarforseti veitt undanþágu frá þessum reglum. Nemandi, sem þarf að gera hlé á námi sínu, þarf að tilkynna það formlega til kennsluskrifstofu. Nemandi sem hættir námi skal tilkynna það formlega til forstöðumanns kennsluskrifstofu.

26. gr.

Mat á fyrra námi.

Nemendur sem óska að fá fyrra nám metið sem hluta af því námi sem þeir eru skráðir í þurfa að sækja um það skriflega í tæka tíð til umsjónarmanns viðkomandi námsbrautar. Forstöðumaður námsbrautar gerir tillögu til matsnefndar sem afgreiðir málið. Með umsókn skulu fylgja prófskírteini eða önnur staðfesting á fyrra námi. Nemendur skulu stunda nám í viðkomandi námskeiði þar til niðurstöður mats liggja fyrir. Um mat á fyrra námi gildir sú meginregla að námskeið eldri en tíu ára eru ekki metin.

27. gr.

Námsmat.

Megintilgangur námsmats er að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi og örva þá til dádá. Námsmat er einnig vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu og færni á tilteknu sviði. Mikilvægt er að námsmat byggist á traustum gögnum svo tryggja megi eftir föngum að niðurstöður séu áreiðanlegar og réttmætar.

Námsmat er byggt á markmiðum náms í hverju námskeiði. Því varðar miklu að markmið séu sett fram með skýrum hætti og útskýrt fyrir nemendum hvað í þeim felst.

Námsmat er byggt á viðmiðum. Viðmiðin eru einkum markbundin, þ.e. þau tiltaka þær kröfur um árangur sem gerðar eru. Viðmiðin geta einnig verið hópmiðuð, þ.e. þau vísa til samamburðar við aðra í hópnun.

Námsmat fer fram bæði meðan á námi stendur og við lok hvers skilgreinds námsáfanga. Í fyrra tilvikinu er mikilvægt að námsmati fylgi upplýsingar um hvað tókst vel og leiðbeiningar um hvað má betur fara. Í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar niðurstöðum námsmats svo þeir geti gert sér grein fyrir áreiðanleika og réttmæti matsniðurstöðu.

Mikilvægt er að námsmat taki til allra meginþátta námsins, það sé byggt á eins fjölþættum gögnum og kostur er.

28. gr.

Próftímabil, próf og verkefni.

Almenn próf eru að jafnaði haldin í lok missera. Nemendur í B.Ed.-, B.A.- og B.S.-námi skulu hafa lokið öllum prófum og verkefnum af 1. og 2. ári áður en þeir hefja nám á þriðja ári.

Umsjónarmaður námsbrautar getur veitt undanþágu frá þessari reglu ef gildar ástæður eru fyrir hendi.

Líta ber á skiladag verkefnis á sama hátt og um prófdag væri að ræða. Í undantekningartilvikum er kennara heimilt að veita nemanda 2 vikna frest til að skila verkefni ef gildar ástæður eru fyrir því. Hafi nemandi ekki skilað verkefni fyrir tilskilinn tíma skal

færa fallelkunn hjá hlutaðeigandi nemanda í nemendaskrá fyrir viðkomandi námskeið. Nemendur hafa leyfi til að skila einu sinni aftur verkefni, sem fengið hefur fallelkunn án þess að skrá sig aftur í viðkomandi námskeið og gilda þá sömu reglur og dagsetningar og um endurtökupróf væri að ræða.

Nemandi sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kýs að þreyta prófið að nýju hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Ef námskeiði lýkur með verkefni eða ritgerð og nemandi hefur lokið því með fullnægjandi árangri en kýs að endurtaka verkið skal hann fást við nýtt viðfangsefni. Nýti nemandinn þennan rétt gildir sú einkunn sem hann fær í seinna skiptið.

29. gr.

Tilhögun námsmats.

Námsmat getur byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum og verkefnum. Heimilt er að meta starf í kennslustundum sem hluta af námsmati í einstökum námskeiðum. Ef mat á framlagi nemenda í kennslustundum er hluti af námsmati á móti prófi má gera kröfu um 80% mætingarskyldu í þeim tímum sem slíkt mat nær til. Ekki er heimilt að krefjast mætingarskyldu nema framlag í kennslustund sé metið sem hluti af loka-einkunn og þarf það að koma skýrt fram í kennsluáætlun.

30. gr.

Skráning í námskeið og próf.

Öllum nemendum er skylt að skrá sig í námskeið fyrir upphaf hvers kennslumisseris. Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf í lok námskeiðs. Skráningu í námskeið skal að jafnaði vera lokið tveimur mánuðum áður en kennsla hefst.

Nýnemar skrá sig í námskeið á haustmisseri um leið og þeir innritast í skólann. Unnt er að endurskoða skráningu í námskeið á haustmisseri fyrir lok september og á vormisseri fyrir miðjan febrúar. Í framhaldsdeild skal skráningu á sumarönn lokið fyrir 1. febrúar.

31. gr.

Úrsögn úr námskeiði.

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í lokapróf í viðkomandi námskeiði eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttað. Hann getur hins vegar sagt sig úr námskeiði og er þar með leystur undan þeim kröfum sem settar hafa verið um námsmatið. Ef um námskeið á haustmisseri er að ræða þarf nemandi að skrá sig úr því fyrir 15. nóvember, en fyrir 15. apríl ef námskeiðið er á vormisseri. Ef nemandi skráir sig úr námskeiði verður hann að skrá sig aftur í viðkomandi námskeið síðar samkvæmt nýrri kennsluskra ef námskeiðið er skyldubundið.

32. gr.

Úrsögn úr prófi.

Nemandi getur skráð sig úr prófi án þess að skrá sig úr námskeiði en það verður að gera í síðasta lagi þremur dögum fyrir prófdag. Skráning úr prófi verður að vera skrifleg. Í slíku tilviki þarf nemandi að skrá sig í próf í ágúst. Ef nemandi getur ekki mætt í próf vegna veikinda verður hann að skrá sig úr því í síðasta lagi á prófdegi og skila innan viku læknisvottorði dagsettu á prófdegi. Nemandi í þessum sporum þarf að skrá sig í próf í ágúst. Ef nemandi segir sig ekki úr námskeiði eða prófi í tæka tíð og mætir ekki í prófið eða skilar ekki verkefnum á tilsettum tíma, fær hann sjálfkrafa lægstu einkunn ef um talna-einkunn er að ræða, þ.e. 0, eða ólokið ef ekki er notuð talnaeinkunn.

33. gr.

Endurtöku- og sjúkrapróf.

Endurtöku- og sjúkrapróf fara fram í ágúst. Nemendur þurfa að skrá sig í próf fyrir 1. júlí. Nemandi sem stenst ekki próf, getur skráð sig í endurtökupróf í ágúst. Nemandi sem mætir ekki í próf sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll, eða yfirgefur prófstað eftir að próf er byrjað, telst hafa þreytt prófið. Hann getur skráð sig í viðkomandi próf í ágúst.

Ef nemandi stenst ekki endurtökupróf eða mætir ekki til prófs fær hann falleinkunn og verður að skrá sig í viðkomandi námskeið að nýju. Nemandi sem hefur skráð sig úr prófi með formlegum hætti á rétt á að endurtaka prófið einu sinni án þess að sitja námskeiðið að nýju.

Námskeið geta breyst frá ári til árs og það er á ábyrgð nemenda að fylgjast með slíkum breytingum í náms- og kennsluskrá.

Í einstaka tilvikum er hægt að sækja um leyfi til að þreyta sjúkrapróf á öðrum tíma en í ágúst. Þetta á einkum við ef sýnt er að nemandi geti lokið námi fyrir næstu brautskráningu. Þá skal nemandi skila gildu læknisvottorði, dagsettu á prófdegi, sem sýnir að hann hafi ekki getað mætt í auglýst próf vegna veikinda. Slíkt sjúkrapróf skal haldið innan tveggja vikna frá auglýstum prófdegi og verður að sækja um það með skriflegri greinargerð til kennsluskrifstofu.

34. gr.

Mat á prófúrlausnum og verkefnum.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs, er heimilt að kalla til einn prófdómara utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Kennari getur óskað eftir prófdómara í einstökum þáttum telji hann til þess sérstaka ástæðu. Þegar prófdómari metur úrlausn ásamt kennara gildir meðaltal beggja einkunna sem lokaeinkunn.

35. gr.

Mat á lokaverkefnum.

Þegar um er að ræða einstaklingsleiðsögn, metur leiðsögukennari lokaverkefni og gefur umsögn. Þegar um hópa er að ræða skipta leiðsögukennarar hvers hóps með sér verkum eða meta lokaverkefni í sameiningu og gefa umsögn um verkefni. Prófdómarar meta úrtak verkefna og umsagnir kennara um þau. Til prófdómara er einnig vísað ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstökum þáttum/tilvikum telji hann til þess sérstaka ástæðu.

Um mat á lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi gilda sérstakar reglur sem deildarráð ákveður og birtar eru í náms- og kennsluskrá.

36. gr.

Lágmarkseinkunnir.

Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5. Í námskeiðum þar sem námsmat er bæði byggt á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunn 5 í hvoru tveggja. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að fara fram á að nemandur standist lágmarkskröfur í hverjum þætti. Geta skal um slíkar kröfur í náms- og kennsluskrá eða í útgefinni kennsluáætlun. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0–10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum lokið/ólokið.

37. gr.

Réttur nemenda til útskýringa og leiðréttinga.

Nemendur eiga rétt á að skoða prófúrlausnir sínar og fá skýringar á mati ef þeir óska þess innan 15 daga eftir að einkunn hefur verið birt. Sama gildir ef verkefni eða verkleg frammistaða eru grundvöllur að lokamati í námskeiði. Uni nemandi ekki niðurstöðu getur hann farið fram á endurmat enda sendi hann rökstudda, skriflega greinargerð til kennsluskrifstofu sem metur málið í samráði við viðkomandi kennara. Ef nemandi unir ekki þeim málalokum er kallaður til utanaðkomandi prófdómari og gildir úrskurður hans. Kennarar riti ekki einkunnir sínar eða athugasemdir í prófúrlausnir þar eð það kynni að hafa áhrif á einkunnagjöf prófdómara, ef til er kvaddur.

38. gr.

Meðferð og varðveisla einkunna.

Í grunndeild skila umsjónarmenn námskeiða niðurstöðum námsmats til nemendaskrár eigi síðar en þremur vinnuvikum eftir að próf er haldið eða verkefnum skilað. Þegar nemendur vinna verkefni á kennslutímabilinu skal kennari kappkosta að skila þeim aftur til nemenda innan þriggja vikna. Námskeið sem ná yfir tvö misseri þarf að skipuleggja þannig að nemendur geti fengið staðfestingu á því að þeir hafi lokið fyrri hluta þess, þótt loka-einkunn komi ekki fyrir en eftir að seinna misseri lýkur. Í framhaldsdeild skila kennarar námsmati innan sex vikna frá því próf er haldið eða verkefni skilað.

Merkja skal prófúrlausnir og öll verkefni sem nemendur skila kennurum með nafni og kennitölu eða prófnúmeri.

Prófúrlausnir nemenda og aðalverkefni á námskeiðum sem metin eru til einkunna eru geymd í skólanum meðan viðkomandi nemandi er við nám og í eitt ár eftir að námi lýkur.

Fara skal með einkunnir sem trúnaðarmál. Nemendaskrá skólans sendir hverjum nemanda yfirlit yfir stöðu hans í námi; í grunndeild eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófum lýkur og í framhaldsdeild eigi síðar en sjö vikum eftir að prófum lýkur við lok hvers misseris. Einkunnir fást ekki gefnar upp í síma.

39. gr.

Reglur um skrifleg próf.

Prófstjóri annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við skrifstofustjóra kennslusviðs.

Próftafla skal gefin út a.m.k. átta vikum fyrir próf en prófstaður er kynntur með auglýsingu á vefsíðu skólans minnst sólarhring fyrir próf.

Kennarar skulu ganga frá prófverkefnum og afhenda þau prófstjóra eða skrifstofustjóra minnst fjórum virkum dögum fyrir prófdag. Á prófverkefni skal koma fram númer og heiti námskeiðs, dagsetning prófs, tímalengd og upplýsingar um hjálpargögn.

Nemendum, sem eru í prófi, er óheimilt að aðstoða aðra við prófúrlausnir eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum nemanda, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Nemendum er óheimilt að tala saman og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau sem umsjónarmaður námskeiðs leyfir.

Nemendur skulu í einu og öllu fara eftir prófreglum. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum sem háskólaráð setur varðar vísun úr prófi og eftir atvikum öðrum viðurlögum.

Deildarráði er heimilt að setja sérstakar, nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

Nemendur hafa aðgang að eigin námsferli á vefsíðu skólans.

40. gr.

Stúdentaskipti og nám við erlenda háskóla.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gefst nemendum við Kennaraháskólann kostur á að taka þátt í stúdentaskiptaáætlunum sem Kennaraháskólinn á aðild að. Þessar áætlanir hafa það að meginmarkmiði að efla samstarf milli skóla. Einn liður í því samstarfi er að gera nemendum kleift að taka hluta af háskólanámi sínu við erlenda háskóla og fá það metið sem hluta af náminu heima fyrir. Veittir eru styrkir til að mæta ferðakostnaði og viðbótarkostnaði sem fylgir því að skipta um dvalarstað. Nemendur þurfa að hafa lokið með fullnægjandi árangri a.m.k. tveimur fyrstu misserum námsins. Þegar þeir sækja um námsdvöl þurfa þeir að skila staðfestingu á námsárangri með umsókn sinni. Námsdvöl erlendis getur mest staðið í eitt ár.

Ef fleiri sækja um námsdvöl erlendis en unnt er að veita styrk skal tekið tillit til námsárangurs umsækjanda, tungumálakunnáttu og framkomu. Ef nemandi óskar eftir að taka einhver þeirra námskeiða sem kennd eru í Kennaraháskóla Íslands meðan hann er í burtu er heimilt að gera um það samning milli viðkomandi kennara og nemanda. Miðað er við að það nám sem nemandi tekur erlendis sé að öllu jöfnu metið að fullu til eininga við Kennaraháskóla Íslands enda leggi nemandi fram formlega staðfestingu á umfangi og inntaki námskeiða ásamt vottorði um árangur eða frammistöðu.

Nemendur þurfa að gera námsáætlun og velja sér námskeið með hliðsjón af náms- og kennsluskrá Kennaraháskóla Íslands eftir því sem kostur er. Forstöðumenn námsbrauta þurfa að samþykka að nám erlendis verði að fullu metið sem hluti af náminu heima.

41. gr.

Agaviðurlög.

Rektor getur með heimild í 12. gr. laga nr. 137/1997 veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu ef nemandi hefur gerst sekur um brot á lögum eða reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum námsmönnum háskólans er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar viðkomandi háskóladeildar og gefa námsmanninum kost á því að tjá sig um málið. Námsmanni er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Um mál af þessu tagi skal að öðru leyti fara eftir lögum.

V. KAFLI

Gjöld fyrir þjónustu, ráðstöfun þeirra, samningar o.fl.

42. gr.

Gjöld fyrir þjónustu.

Heimilt er að taka gjald fyrir þá þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem Kennaraháskólanum er skylt að veita. Enn fremur er heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Að öðru leyti er óheimilt að innheimta gjöld fyrir þá kennslu, sem fram fer í Kennaraháskóla Íslands, umfram skrásetningargjöld í samræmi við ákvæði laga um Kennaraháskóla Íslands. Reikningshald fyrir þjónustu af þessu tagi skal vera aðgreint frá reikningshaldi skólans.

Háskólaráð setur nánari reglur um fyrir hvaða þjónustu má innheimta gjöld og setur gjaldskrá, sem endurskoða skal árlega.

43. gr.

Sértekjur og samningar.

Afli deild eða stofnun Kennaraháskólans sértekna er henni skylt að gera skriflegan samning um það. Stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 44. gr. í reglugerð þessari. Í samningi skal kveðið á um:

Hvaða þjónustu viðkomandi deild eða stofnun tekur að sér að veita og hvaða kröfur eru gerðar í því sambandi.

Greiðslur fyrir þjónustuna/verkefnið og hvenær beri að inna þær af hendi.

Gildistíma og uppsagnarfrest samnings.

Veiti deild eða stofnun þjónustu sem er í samkeppni við aðra aðila er óheimilt að niðurgreiða þann rekstur með fjárframlagi sem Kennaraháskóli Íslands fær á fjárlögum eða á grundvelli þjónustusamninga við menntamála- og fjármálaráðherra.

Hafi samningur í för með sér veruleg fjárútlát eða skuldbindingu til langs tíma skal rektor staðfesta hann.

44. gr.

Stjórnunar- og aðstöðugjald.

Háskólaráði er heimilt að ákveða að deildir eða stofnanir Kennaraháskólans innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af öllum sértekjum. Ennfremur er heimilt að ákveða að þær innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af styrkjum úr rannsóknarsjóðum framlögum eða styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum. Við gerð fjárhagsáætlunar deildar skal gera ráð fyrir tekjum af stjórnunar- og aðstöðugjaldi eftir því sem við á. Háskólaráð getur jafnframt ákveðið að hluti tekna af stjórnunar- og aðstöðugjaldi renni í Rannsóknarsjóð Kennaraháskóla Íslands.

45. gr.

Aðild að fyrirtækjum.

Kennaraháskóla Íslands er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaðri ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu eða þjónustu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem skólinn vinnur að hverju sinni.

Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í þeim fyrirtækjum sem að framan greinir.

VI. KAFLI

Sjóðir til styrktar rannsókna, kennslu og stjórnun í Kennaraháskóla Íslands.

46. gr.

Rannsóknarsjóður Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangur Rannsóknarsjóðs Kennaraháskóla Íslands er að efla rannsóknir í háskólanum. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er í höndum stjórnar Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans. Stjórnin úthlutar árlega úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði.

Prófessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, aðjúntar, fræðimenn og sérfræðingar við Kennaraháskóla Íslands geta sótt um fé úr sjóðnum.

Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra, enn fremur skal höfð hliðsjón af rannsóknarvirkni umsækjenda. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda.

Stjórn sjóðsins skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum að loknu hverju almanaksári.

47. gr.

Vinumatssjóður Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangur Vinumatssjóðs Kennaraháskóla Íslands er að efla rannsóknir og stjórnun við háskólann. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins og hversu stórum hluta hans skuli úthlutað vegna stjórnunarstarfa.

Stjórn sjóðsins er í höndum vinnumatsnefndar og skal hún setja sér vinnureglur sem staðfestar eru af háskólaráði. Vinnumatsnefnd skipa fjórir fulltrúar. Rektor skipar tvo þeirra og tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

Aðjúntar, lektorar, dósentar og aðrir sérfræðilega menntaðir starfsmenn, sem gegna a.m.k. hálfu starfi, geta sótt um að fá greiðslur fyrir rannsóknir umfram vinnuskyldu úr sjóðnum samkvæmt vinnumati.

Vinnumat rannsókna skal byggja á rannsóknarmatskerfi, sem er hluti af formlegu gæðakerfi Kennaraháskóla Íslands og háskólaráð setur reglur um.

Rektor úthlutar greiðslum úr sjóðnum vegna stjórnunarstarfa. Honum er heimilt að fela framkvæmdastjóra rekstrarsviðs að annast úthlutunina.

Vinnumatsnefnd skal einu sinni á ári gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum.

VII. KAFLI

Réttindi og skyldur starfsmanna.

48. gr.

Réttindi og skyldur starfsmanna.

Háskólaráð gefur út starfsmannastefnu Kennaraháskóla Íslands, þar sem kveðið er á um helstu atriði er varða réttindi og skyldur starfsmanna, aðbúnað á vinnustað, jafnréttismál og fleira.

Þegar starfsmaður er ráðinn að Kennaraháskóla Íslands skal veita honum greinargóðar upplýsingar um skipunar- og ráðningarkjör og um réttindi og starfsskyldur. Starfsmaður á rétt á að fá starfslýsingu, sbr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda telst enn í gildi þótt starfsmaður láti af starfi.

Ef starfsmaður hyggst taka að sér launað starf ber honum að skýra næsta yfirmanni frá því áður en hann tekur starfið að sér. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og er honum þá óheimilt að taka starfið að sér.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

49. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla og laga nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglnanna falla úr gildi eftirfarandi reglur: Reglur nr. 934/1999 um tilnefningu rektors við Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 935/1999 um inntöku nemenda í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 936/1999 um Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 937/1999 um skipan deilda og skora við Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 938/1999 um starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands og reglur nr. 939/1999 um kjör fulltrúa kennara í háskólaráð, deildarráð og skorarstjórnir við Kennaraháskóla Íslands.

Þannig samþykktar af háskólaráði þann 27. júní 2001.

Kennaraháskóla Íslands, 27. júní 2001.

Ólafur Proppé rektor.

*Ólafur H. Jóhannsson,
ritari háskólaráðs.*